

## Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur

gengst fyrir Rally dagana 20. - 21 okt. n.k. Ekin verður um 700 km. leið.

Keppnin hefst við Hótel Loftleirir laugard. 20. okt. og lýkur þar síðdegis sunnud. 21. okt. Fyrri þáttökufrestur rennur út á miðnætti miðvikud. 3. okt. og sá síðari miðvikud. 10. okt.

Félagsfundur verður haldinn að Hótel Loftleirum í Kristalssal 1. okt. kl. 8.30 og verður þá rætt um fyrirhugaða Rally — keppni og upplýsingar veittar. Vætanlegir þátttakendur eru sérstaklega hvattir til að mæta

Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur

## Laus staða

Staða fulltrúa á skrifstofu Æskulýðsráðs Reykjavíkur er laus til umsóknar.

Laun skv. kjarasamningi borgarstarfsmanna. Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu Æskulýðsráðs Reykjavíkur, Friðkirkjuvegi 11, og þar eru jafnframt veittar nánari upplýsingar um starfið.

Umsóknarfrestur er til 19. október 1979.



Æskulýðsráð Reykjavíkur.  
Sími 15937.



Barnaleiktæki  
Íþróttatæki  
Þvottasúrugrindur  
Vélaverkstæði

**BERNHARÐS HANNESSONAR**  
Suburlandsbraut 12. Sími 35810

## Bændur — Bændur

Vil kaupa notaðan eða nýjan mykjusnigil.  
Uppl. í síma 99-4371.



## Kennara vantar

Víðistaðaskóla Hafnarfirði vantar kennara nú þegar til að kenna í 7 og 8 bekk grunnskóla.

Æskilegar kennslugreinar líffræði, stærðfræði, eðlisfræði og íslenska.

Nánari upplýsingar gefa skólastjóri í síma 52911 og yfirkennari í síma 53113 eða 52915.

## ADALFUNDUR

Samtaka áhugafólks um áfengisvandamálið verður haldinn miðvikudaginn 3. október n.k. og hefst kl. 20.30.

Fundarstaður: Súlnasalur, Hótel Saga.

### DAGSKRA:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Panelumræður með þátttöku fulltrúa hinna ýmsu starfssviða SAA.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta stundvíslega.

Stjórnin.

**SAA** SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS  
UM ÁFENGISVANDAMÁLIÐ

# Þrískipt gaman á Kjarvalsstöðum

## • Norræn list í Feneyjum 1978 — Leikmyndin — Flugleikur

FI — Já, það er mjög lílegt um að litast hjá okkur á Kjarvalsstöðum nú: A göngum er norræni hlutinn af alþjóðlegu listsýningunni í Feneyjum 1978 og í vestursal er sýning 13 íslenskra leikmynda-teknara. Norræni hlutinn af Biennialnum í Feneyjum 1978 hefur farið með öll Norðurlönd og er megin tilgangurinn með sýningunni að gefa heimafólki kost á að sjá, hvernig staðið er að alþjóðlegum listsýningum. Er ferð sýningarinnar hingað til landskostuð af Norræna menningar-sjóðnum. Sýningin í vestursal er nokkuð sér á parti, því að þar gefst fólki tækifæri til að sjá á bak við tjöldin, leikmuni, búninga, teikningar og módel. Og í tengslum við leikmunasýninguna verður Flugleikur Þjóðleikhússins sýndur í vestursal á hverju kvöldi þessa ákveðnu viku nema mánu-

dagskvöld, fríkvöld leikara.

Þetta sagði Þóra Kristjánsdóttir listráðunautur Kjarvalsstaða í samtali við Tímamann, en vikuna 29. sept.-7. okt. verður þrískipt gaman á Kjarvalsstöðum og stór hópur listamanna innlendra og erlendra kemur það við sögu.

Biennialinn í Feneyjum er eins og nafnið bendir til haldinn annað hvert ár og hefur svo verið óslitið frá 1895. Íslendingar hafa nokkrum sinnum tekið þátt í þessari stóru sýningu, m.a. Þorvaldur Skúlason, Svavar Guðnason og Sigurður Guðmundsson, en í fyrra tóku öll Norðurlöndin sig saman og mynduðu eina deild. Hafði slík samvinna Norðurlandanna ekki verið reynd áður. Til sýningarinnar völdust: Sigurður Guðmundsson frá Íslandi, Olavi Lanu frá Finnlandi, Lars Englund frá Svíþjóð, Frantz Wider-

berg frá Noregi og Danirnir Stig Brögger, Hein Heinesen og Mogens Möller. Sigurður Guðmundsson og Olavi Lanu settu sýninguna upp á Kjarvalsstöðum.

Félag íslenskra leikmynda-teknara, sem sýnir í vestursal hefur verið að smástækka undanfarin ár en sýningar á þess vegum eru ekki á hverjum degi. Leikmyndateiknara hafa þó tekið þátt í haustsýningum listamanna, en þá mest með skissum og ljósmyndum. Nú er sviðið opið, ef svo má segja og þeir listamenn, sem eiga verk á sýningunni, eru Baltasar, Birgir Engilberts, Gylfi Gíslason, Lárus Ingólfsson, Magnús Pálsson, Magnús Tómasson, Messiana Tómasdóttir, Sigurjón Jóhannsson, Steinþór Sigurðsson, Valgerður Bergsdóttir og Þórunn Sigrún Þorgrímsdóttir.



Fjölmargir listamenn koma við sögu á Kjarvalsstöðum vikuna 29. sept. til 7. okt. Hér sést hluti hins stóra hóps.

Tímamynd: GE

# Flugleiðaskákin '79

Um þessa helgi efnið skáklúbbur Flugleiða til skákmóts að Hótel Esju í Reykjavík. Skákmótið stendur

laugardag 29. sept. og sunnudaginn 30. og taka 24 skáklið fyrir-tækja og skáklúbbar þátt í mótinu.

Þetta skákmót verður með nýju sniði, tefldar verða 15 mínútna skákir og allar sveitir tefla saman.

## Þjóðleikhúsið:

# Nú í „Flugleik“ að Kjarvalsstöðum

FI — Sýningar á Flugleik Þjóðleikhússins hafa hafist að nýju og eru þær að þessu sinni á Kjarvalsstöðum, en Flugleikur hefur flogið víða eins og vera ber. Leikritið þetta var fyrst sýnt sl. sumar leiklistarhátið í Cardiff í Wales og á þrjátíu ára afmæli Íslendingafélagsins í London 17. júní.

Einnig var Flugleikur sýndur á Alþjóðlegum vörusýningunni í Reykjavík nú í ágúst sl. Sýningararnar verða að Kjarvalsstöðum á hverju kvöldi í aðeins eina viku, 29. sept. til 7. okt. Flugleikur gerist um borð í

breiðbotunni Flóka Vilgerðarsyni á flugleibinni Keflavík - New York - Keflavík og eru persónurnar áhöfn og farþegar.

Verkið er samið í hópvinnu og höfundar textans eru þau Brynja Benediktsdóttir, sem jafnframt er leikstjóri, Erlingur Gíslason, sem einnig leikur Gísla flugstjóra, og Þórunn Sigurðardóttir, sem leikur Þóruyfirlugfreyju. Aðrar flugfreyjur leika þær Sara Jónsdóttir, Lilja Þórisdóttir og Guðrún Þórbardóttir. Sigurjón Jóhannsson er höfundur leikmyndarinnar og Karl Sighvats-son samdi tónlistina.

Verðlaun eru glæsileg. Veitt verða sveitaverðlaun fyrir þrjár bestu sveitirnar og ennfremur verðlaun fyrir bestan árangur einstaklinga.

Keppendur verða 72 auk um fjórutíu varamanna.

Skákstjóri verður Friðrik Ólafsson stórmeistari, formaður FIDE og varaskákdómari Jóhann Þórir Jónsson.

Flugleiðaskákin '79 verður sett kl. 0930 á laugardagsmorgun á 2. hæð Hótel Esju.